



**INOWA**  
**KLÚBBURINN**

# UPPGJÖR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS 2024

**Margrét Tryggvadóttir**

Skemmtana- & forstjóri

**Pórhallur Jóhannsson**


Fjármálastjóri

**NOVA**  
KLÚBBURINN


# Lykiltölur úr rekstri 2F 2024

Traustur rekstur í krefjandi umhverfi


Heildartekjur  
+0,4%




Þjónustutekjur  
+3,6%




Vörusala  
-7,8%




EBITDA  
-1,3%



EBITDA%  
-1,7%




Handbætt frá rekstri  
-44,1%



# Lykiltölur úr rekstri 6M 2024

Traustur rekstur í krefjandi umhverfi



Fréttir af starfseminni:

# Fastnet

Stækkun þjónustusvæðis, aukin markaðstækifæri

## Internetþjónusta Fastnet

Fjöldi netfenginga  
(ljósleiðari/XDSL)  
2H 2023

145.042

## Internet til heimila

17,9%

markaðshlutdeild

## Ljósleiðari

20,0%

markaðshlutdeild

## Tekjur

+6,3% 2F milli ára

+2,0% 6M milli ára

■ Viðskiptavinum fjölgaði

## Markaðstækifærisvísitala: Netþjónusta

NOVA 140%


SÍMINN 90%

VODAFONE 61%

Fastnet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur

NOVA  
KLÚBBURINN

## Internet: Stækkun markaðar\*



\*Skýrsla fjarskiptastofu

■ Nova

■ Stækkun markaðarins

Fréttir af starfseminni:

# Flakknet

Enn betri notendaupplifun

## Farsímanet Flakknet

Fjöldi símkorta  
2H 2023

**548.684**

## Farsímanet Heildarfjöldi

**31,9%**

markaðshlutdeild

## Tekjur

**+2,0%** 2F milli ára

**+2,5%** 6M milli ára

■ Viðskiptavinum fjölgaði

## Markaðstækifærissvísitala: Farsímapjónusta

NOVA 119%


SÍMINN 97%

VODAFONE 57%

Flakknet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

NOVA  
KLÚBBURINN

## Farsímanet: Stækkun markaðar, símkorta\*



\*Skýrsla fjarskiptastofu

■ Nova

■ Stækkun markaðarins

STÆRSTI  
SKEMMTI  
STAÐUR  
I HEIM!

Ánægðustu viðskiptavinirnir

# Nýtt af nálinni

Viðskiptavinir fá meira fyrir peninginn hjá Nova  
þjónustubreytingar tóku gildi 1. júlí




STÆRSTI  
SKEMMTI  
STAÐUR  
HEIMIS



Ánægðustu viðskiptavinirnir

# Alltaf besti dillinn **Fyrirþig** hjá Nova!

Fríðindakerfi Nova trónir á toppnum þegar neytendur eru spurðir um hvaða vildarklúbbur á Íslandi er bestur.





STÆRSTI  
SKEMMTI  
STAÐUR  
I HEIMI



Markmið Nova

# Besta

# netsambandið

Tækifæri til samnýtingar og samstarfs eru mikil bæði þegar horft er til hagkvæmni og betri nýtingar.

STÆRSTI  
SKEMMTI  
STAÐUR  
I HEIMI




Nova ❤️ samfélagið

- ✓ Nýsköpun
- ✓ Íslensk tónlist
- ✓ Geðrækt

STÆRSTI  
SKEMMTI  
STAÐUR  
Í HEIMI!

Markmið Nova

# Besti vinnustaður í heimi!



FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2024






# Rekstrarreikningur

**NOVA**  
KLÚBBURINN

# Tekjustofnar


## Heildartekjur




	2F 2024	2F 2023	Breyting	%
FlakkNet	1.578	1.547	31	2,0%
FastNet	941	885	56	6,3%
Vörusala	436	473	-37	-7,8%
Aðrar tekjur	273	311	-38	-12,2%
Heildar rekstrartekjur	3.228	3.217	12	0,4%

	6M 2024	6M 2023	Breyting	%
FlakkNet	3.127	3.050	77	2,5%
FastNet	1.877	1.760	116	6,6%
Vörusala	855	941	-86	-9,2%
Aðrar tekjur	567	660	-93	-14,0%
Heildar rekstrartekjur	6.426	6.411	14	0,2%


### FlakkNet




### FastNet



### Vörusala



### Aðrar tekjur\*



\*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021  
Allar tölur í m.kr.

# Rekstrarreikningur



## Rekstrartekjur

Þjónustutekjur, bæði í FlakkNeti og FastNeti, hækka um 3,6% á fjórðungnum og 4,0% í heild á fyrri helming ársins. Skýrist af fjölgun viðskiptavina, auknum reikitekjum af ferðamönnum og vöxt í tekjum af sérlausnum til stórnotenda. Vörusala dregst saman milli ára þar sem stærstu áhrifin eru minni sala af símtækjum. Aðrar tekjur dragast saman milli ára sem skýrist meðal annars af lækkun á fastlínutekjum.

## Rekstrargjöld

Kostnaðarverð seldra vara lækkar í heildina milli ára sem skýrist vegna samdráttar í vörusölu. Laun og launatengd gjöld hækka vegna almennra launahækkana en stöðugildum fjölga lífillega. Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára sem skýrist af almennum verðlagshækkunum. EBITDA hlutfallið er 29,8% á öðrum ársfjórðung og 29,0% á fyrri helming ársins.

## Afskriftir

Afskriftir hækka á 2. ársfjórðung og fyrri helming ársins í heild. Afskriftir óefnislegra eigna lækka lífillega, afskriftir fastafjármuna hækka í línu við fjárfestingar fyrra árs í fjarskiptabúnaði og afskriftir nýtingarréttar hækka einnig með fjölgun sendastaða. EBIT hlutfall er 12,5% á fjórða ársfjórðung og 11,9% á fyrri helming ársins.

## Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld lækka á 2. ársfjórðung sem og á fyrri helming ársins í heildina. Vaxtagjöld annarra skulda og leiguskuldbindinga hækka vegna aukinna leiguskuldbindinga en á móti lækka verðbætur annara skulda vegna lægri verðbólgu milli ára og vaxtagjöld langtímalána lækka einnig vegna lægri skuldastöðu.

## Afkoma tímabilsins





Hagnaður á 2. ársfjórðung er 108 m.kr. og lækkar um 13 m.kr. frá fyrra ári. Hagnaður á fyrri helming ársins er 241 m.kr. og lækkar um 39 m.kr.. Á fyrsta ársfjórðungi á samanburðar ári tekjufærði félagið einskiptislið vegna sölu eigna, leiðrétt fyrri því lækkar hagnaður um 2 m.kr. milli ára. Hagnaður á hlut á fyrri helming ársins er 0,07 kr. og lækkar um 10,8% frá fyrra ári.

Allar tölur í m.kr.

	2F 2024	2F 2023	Breyting / %		6M 2024	6M 2023	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	3.228	3.217	12	0,4%	6.426	6.411	14	0,2%
Kostnaðarverð seldra vara	1.494	1.546	-51	-3,3%	2.999	3.067	-68	-2,2%
Laun og launatengd gjöld	518	460	57	12,5%	1.034	928	106	11,4%
Annar rekstrarkostnaður	256	237	19	7,8%	528	494	34	6,9%
Heildar rekstrargjöld	2.268	2.243	25	1,1%	4.560	4.489	72	1,6%
EBITDA	961	973	-13	-1,3%	1.865	1.923	-57	-3,0%
EBITDA%	29,8%	30,3%	-0,5%	-1,7%	29,0%	30,0%	-1,0%	-3,2%
Afskriftir	(-558)	(-538)	(-20)	3,7%	(-1.101)	(-1.051)	(-50)	4,8%
Rekstrarhagnaður	403	435	(-32)	-7,5%	764	872	(-108)	-12,4%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-264)	(-284)	20	-7,0%	(-460)	(-523)	62	-12,0%
Tekjuskattur	(-30)	(-30)	(-1)	1,7%	(-63)	(-69)	6	-8,7%
Hagnaður tímabilsins	108	121	(-13)	-10,8%	241	280	(-39)	-14,0%
Hagnaður á hlut	0,03	0,03	(-0,002)	-7,3%	0,07	0,07	(-0,008)	-10,8%

# Rekstrarreikningur – kennitölur

## Hagnaður tímabilsins



\*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021 og skráningu á markað 1H 2022  
Allar tölur í m.kr.



Efnahagsreikningur



# Efnahagsreikningur

## Eignir

Viðskiptavild hækkar sökum lokagreiðslu sem framkvæmd var í mars síðastliðnum fyrir kaupunum á Símafélaginu á árinu 2016. Rekstrarfjármunir og leigugeignir hækka með fjárfestingum í sendastöðum og fjarskiptakerfi. Óefnislegar eignir lækka þar sem afskrifti eru umfram viðbætur frá áramótum, afskriftarhlutföll fyrir utan tíðnileyfi eru 20%-50%. Veltufjármunir samtals lækka lífillega, handbært fé lækkar í samræmi við breytingar á rekstratengdum eignum, fjárfestingar og ráðstöfun til endurkaupa, birgðir og viðskiptakröfur hækka lífillega frá áramótum í árstíðabundnum sveiflum.

## Skuldir

Langtímaskuldir hækka lífillega frá áramótum. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar hækka með viðbættum sendastöðum og vegna áhrifa af hækkun á vísitölu. Skammtímaskuldir samtals lækka lífillega, viðskiptaskuldir og næsta árs afborganir leiguskuldbindinga hækka sökum fjölgun sendastaða en aðrir liðir lækka á móti. Veltufjárhlutfall er 1,05 í lok tímabilsins og heildar skuldsetningarhlutfall, með leiguskuldbindingum, er 2,94 \* EBITDA síðustu 12 mánaða.

## Eigið fé


Hlutfé og yfirverðsreikningur eigin fjár lækka með endurkaupum ársins. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars sl. var hlutfé lækkað um 133.3 mkr. að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabiliinu maí 2023 til janúar 2024. Óráðstafað eigið fé hækkar með viðbættum hagnaði á fyrri helming ársins. Eiginfjárhlutfall er 40,2% í lok tímabilsins

Allar tölur í m.kr."


	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.505	1.639	-134	-8,2%
Rekstrarfjármunir	4.114	4.030	84	2,1%
Leigugeignir	4.419	4.292	128	3,0%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	510	476	34	7,1%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.688</b>	<b>20.488</b>	<b>199</b>	<b>1,0%</b>
Birgðir	491	405	85	21,0%
Viðskiptakröfur	1.245	1.125	121	10,7%
Aðrar skammtímakröfur	634	655	-20	-3,1%
Handbært fé	273	497	-224	-45,1%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.643</b>	<b>2.681</b>	<b>(-39)</b>	<b>-1,4%</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>23.330</b>	<b>23.170</b>	<b>161</b>	<b>0,7%</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>9.375</b>	<b>9.277</b>	<b>98</b>	<b>1,1%</b>
Vaxtaberandi langtímask.	1.943	1.995	-52	-2,6%
Leiguskuldbindingar	6.456	6.329	128	2,0%
Aðrar skuldir	3.033	2.964	70	2,3%
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.432</b>	<b>11.287</b>	<b>145</b>	<b>1,3%</b>
Næsta árs afb. langtímask.	102	100	3	2,5%
Viðskiptaskuldir	942	813	129	15,9%
Ógreiddir skattar	99	275	-176	-63,9%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	275	244	32	12,9%
Aðrar skammtímaskuldir	1.104	1.174	-70	-6,0%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.523</b>	<b>2.606</b>	<b>-82</b>	<b>-3,2%</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>13.956</b>	<b>13.893</b>	<b>63</b>	<b>0,5%</b>

# Efnahagsreikningur - kennitölur


## Eiginfjárlutfall




## Veltufjárlutfall



## Vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir samtals



## Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA





# Sjóðstreymi

**NOVA**  
KLÚBBURINN

# Sjóðstreymi



## Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri lækkar á 2. ársfjórðungi samanborið við fyrra ár en helst í stað ef bornir eru saman fyrstu 6 mánuðirnir. Skýrist í flökti á rekstrartengdum eignum og skuldum sem er tilfallandi innan árs breytingar. Nettó greidd vaxtagjöld lækka milli ára, þar af mest vaxtagjöld af langfímalánum sem lækka vegna lægri skuldastöðu og betri vaxtakjara.

## Fjárfestingahreyfingar

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum sem og óefnislegum eignum lækka á milli ára í línu við áætlanir félagsins sem gera ráð fyrir 300-400 m.kr. heildarlækkun á árinu miðað við fyrra ár. Lokagreiðsla vegna uppgjors á kaupum á Símafélaginu á árinu 2017 kemur inn í lok 1. ársfjórðungs þessa árs.

## Fjármögnunarahreyfingar

Félagið hefur keypt eigin bréf að fjárhæð samtals 143 mkr. á fyrri helming ársins. Í janúar keypti félagið 10.810 hlut á meðalgenginu 4,15 hver hlutur sem hluti af endurkaupum samþykktum 2023, í apríl hóf félagið svo framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar og keypti 25.388 þúsund eigin hluta á meðalgenginu 3,88 fyrir samtals 98,3 m.kr. á tímabilinu til loka júní.




## Frjálst fjárflæði

Frjálst fjárflæði (FCF) á fyrri helming ársins er 954 m.kr. og hækkar um 126 m.kr. frá fyrra ári. Frjálst fjárflæði sem hlutfall af heildartekjum á fyrri helming ársins er 14,8% í samanburði við 12,9% á árinu á undan. Frjálst fjárflæði til félags að teknu tilliti til atborganahluta leiguskuldbindinga (FCFFal) á fyrri helming ársins er 95 m.kr. og hækkar um 156 m.kr. frá fyrr ári.

	2F 2024	2F 2023	Breyting	6M 2024	6M 2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	961	973	-13	1.865	1.923	-57
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-197)	166	(-363)	(-301)	(-178)	(-123)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-169)	(-181)	12	(-347)	(-362)	15
Greiddir skattar	(-59)	0	(-59)	(-98)	(-254)	156
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>536</b>	<b>959</b>	<b>(-423)</b>	<b>1.118</b>	<b>1.128</b>	<b>(-10)</b>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-391)	(-569)	178	(-803)	(-944)	142
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-47)	(-81)	34	(-109)	(-150)	41
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	0	0	0	(-88)	0	(-88)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>(-437)</b>	<b>(-649)</b>	<b>212</b>	<b>(-999)</b>	<b>(-1.094)</b>	<b>96</b>
Keypt eigin bréf	(-98)	(-86)	(-12)	(-143)	(-86)	(-57)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-57)	(-46)	(-11)	(-112)	(-95)	(-17)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-14)	(-11)	(-2)	(-27)	(-23)	(-4)
Afborganir langfímalána	(-26)	(-33)	7	(-53)	(-66)	13
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<b>(-196)</b>	<b>(-177)</b>	<b>(-19)</b>	<b>(-334)</b>	<b>(-270)</b>	<b>(-65)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-97)	133	(-230)	(-215)	(-236)	21
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-10)	(-2)	(-8)	(-9)	2	(-11)
Handbært fé í upphafi tímab.	380	300	80	497	665	(-168)
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>273</b>	<b>431</b>	<b>(-158)</b>	<b>273</b>	<b>431</b>	<b>(-158)</b>

# Sjóðstreymi – kennitölur

## Handbært fé frá rekstri



\*Tölur leiðréttar fyrir einskíptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021/2022  
Allar tölur í m.kr.

An abstract graphic design featuring a complex network of lines. A dense cluster of thin purple lines originates from the top-left corner and fans out towards the bottom-right. A series of teal lines originates from the top-right corner and fans out towards the bottom-left. The two clusters of lines intersect in the center of the frame. The word "Horfur" is written in a bold, purple, sans-serif font, positioned in the middle-right area of the composition. The background is a light, neutral gray.



**Horfur**

# Horfur fyrir 2024

Tekjur áætlaðar á bilinu 13.100 - 13.700 m.kr.

EBITDA áætluð á bilinu 3.800 - 4.100 m.kr.

Fjárfestingar 12% - 14% af heildartekjum




# Hluthafar



Hluthafar 31.07.2024	Fjöldi hluta	%
Birta lífeyrissjóður	425.004.482	11,5%
Lífeyrissj.starfsm.rik. A-deild	282.744.159	7,7%
Stapi lífeyrissjóður	245.527.770	6,7%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	241.641.068	6,6%
Íslandsbanki hf.	185.357.487	5,0%
Lífsverk lífeyrissjóður	184.004.498	5,0%
Festa - lífeyrissjóður	172.439.959	4,7%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	140.172.431	3,8%
Stefnir - ÍS 5 hs.	136.298.543	3,7%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	106.076.759	2,9%
<b>Samtals 10 stærstu</b>	<b>2.119.267.156</b>	<b>57,53%</b>
<b>Aðrir hluthafar</b>	<b>1.527.960.308</b>	<b>41,48%</b>
<b>Samtals útistandandi hlutir</b>	<b>3.647.227.464</b>	<b>99,00%</b>
Nova klúbburinn hf.	36.739.000	1,00%
<b>Heildarhlutafé</b>	<b>3.683.966.464</b>	<b>100,00%</b>

Markaðsupplýsingar	31.07.2024	31.12.2023	%
Útistandandi hlutir	3.647.227.464	3.694.776.464	-1,29%
Dagslokagengi í lok tímabils	3,78	4,01	-5,74%
Velta ársins (7m 2024)	1.525.049.311	2.340.842.250	-34,85%
Fjöldi hluthafa	1.870	2.338	-20,02%





# Spurningar

-> [fjarfestatengsl@nova.is](mailto:fjarfestatengsl@nova.is)



[www.nova.is/fjarfestar](http://www.nova.is/fjarfestar)



**INOWA**  
**KLÚBBURINN**

# Lýsing tekjustofna



## FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

## FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

## Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

## Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlinuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.

# Fyrirvarar

Við erum mjög bjartsýn eins og þið sjáið en það er eitt sem þarf að koma fram. Allt sem stendur hérna er byggt á hugmyndum einhvers fólks sem vinnur á skrifstofu hjá Nova. Ekki staðreyndum eða vísindum. Við erum ekki Nasa. Allt sem þessu ágæta fólki dettur í hug að senda frá sér felur í sér ákveðna óvissu, enda eru þau bara mannleg, og þessi fréttatilkynning er ágætis dæmi um það. Okkur finnst skrytið að þurfa að taka það fram, en við áttum okkur á að framtíðin er óskrifað blað. Við erum ekki með kristalskúlu sem sýnir okkur hvað gerist næst. Hlutir geta breyst. Til dæmis gæti afkoman orðið önnur en kemur fram í þessari tilkynningu. Eða loftsteinn tortímt gervöllu Arnarnesinu. Staðhæfingar gilda bara á þeim tíma sem fréttatilkynningin kemur út, það er að segja í nútímanum. Ekki framtíðinni. Þið bara lesið þetta með það í huga, takk.

